

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við setningu  
Öryggisþings Háskóla Íslands. Haldið í Hátíðasal þriðjudaginn 12. nóvember  
2024 kl. 10.**

Kæra samstarfsfólk.

Það er mér ánægja að segja fáein orð hér við setningu Öryggisþings Háskóla Íslands 2024. Öryggismál hafa á síðustu árum í vaxandi mæli verið í brennidepli í Háskóla Íslands og er það vel. Fyrir þessu eru ýmsar ástæður, bæði raunveruleg atvik sem átt hafa sér stað og verið hafa lærdómsrík – og svo almennt aukin vitund um öryggismál vegna margvíslegra ytri og innri ógna. Í þessu sambandi er skemmst að minnast heimsfaraldursins Covid-19 sem barst hingað til lands í febrúar 2020 og átti eftir að lama heimsbyggðina og kosta milljónir mannlífa þegar upp var staðið. Setti faraldurinn starfsemi Háskóla Íslands úr skorðum fram undir lok júní 2021 þegar öllum sóttvarnaraðgerðum og takmörkunum var loks aflétt. Ég vill nota tækifærið og hrósa öryggisnefnd Háskóla Íslands og öllum þeim sem að máli komu fyrir það hversu fumlaust og faglega var tekið á þessum ólíku áföllum.

Það liggur í eðli öryggisógna að þær gera ekki alltaf boð á undan sér og það er kunnara en frá þurfi að segja að við byrgjum ekki brunninn þegar barnið er fallið ofan í hann. Það er því afar jákvæður vitnisburður um fyrirhyggju og forsjálni hversu mikil áhersla hefur verið lögð á skipulag öryggismála og umræðu um þau innan Háskóla Íslands á undanförunum misserum og ber þetta öryggisþing því glöggt vitni.

Nú er liðið rúmt ár síðan nýtt skipulag öryggismála Háskóla Íslands tók gildi og stofnuð var öryggisnefnd á hverju fræðasviði og í sameiginlegri stjórnslu og mynda formenn þeirra nefnda miðlæga öryggisnefnd, auk formanns sem rektor skipar og eins fulltrúa stúdenta. Samtals starfa nú 27 manns í þessum nefndum. Á þeim tíma sem liðinn er frá því að þetta fyrirkomulag tók gildi hefur starfið gengið vel og hefur það fært vinnuverndarstarf nær starfsfólkinu.

Öryggismál eru viðamikill málaflokkur sem tekur breytingum í takt við þróun samfélagsins og tækninnar. Þannig hafa netöryggismál orðið sífelld fyrirferðarmeiri málaflokkur og á síðustu vikum höfum við fengið sérstaka kynningu á þessum málum á vettvangi funda rektors með forsetum fræðasviða og í síðustu viku voru netöryggismál einnig á dagskrá háskólaráðs. Þá vil ég nefna að á háskólaþingi sem haldið verður í næstu viku verður fjallað sérstaklega um öryggismál í víðum skilningi.

Eins og ég gat um áðan eru öryggismál víðfeðmur málaflokkur og hefur umræða um ofbeldi verið í hámmæli í samfélaginu undanfarna mánuði, sérstaklega eftir hörmulegt atvik á menningarnótt þegar ung stúlka var stungin með hnífi og hlaut bana af. Þessi umræða hefur einnig verið undirliggjandi innan Háskóla Íslands og er ætlun þessa málþings m.a. að draga hana upp á yfirborðið. Í því sambandi viljum við læra af reynslu annarra, eins og t.d. Verslunarskóla Íslands, og einnig þiggja öll góð ráð frá lögreglunni í landinu.

Góðir gestir. Upplýst og opinská umræða um öryggismál hefur ekkert að gera með hræðsluáróður eða neikvæðan hugsunarhátt heldur er hún í anda

akademísku háskólastarfs. Ég vil því ljúka máli mínu á því að þakka þeim sem annast hafa skipulagningu þessa Öryggisþings Háskóla Íslands og taka þátt í því og óska okkur öllum þess að það verði skref í átt að því að gera Háskóla Íslands að friðsamari og öruggari vinnustað fyrir nemendur jafnt sem starfsfólk.

Nú tekur Sigríður Björk Gunnarsdóttir, rekstrarstjóri Félagsvísindasviðs, við sem fundarstjóri.

Takk fyrir.